# Geirþrúður Einarsdóttir

## Selasæng / Seal Blanket

08 - 30 júlí 2023



PORTFOLIO GALLERI

# Geirþrúður Einarsdóttir

## Selasæng / Seal Blanket

PORTFOLIO
GALLERI

## Seal Blanket

The exhibition Seal Blanket is a journey through dream sleep, where memories and shared remembrances are explored. In the realm of meory things and places often take on a different appearance than in the tangible world. Just like in dreams, the laws of everyday life seem to lose their grip on our recollection. Locations sway, dimensions become relative, and objects morph in shape and hue. The artworks weave together narratives of rural life and the artist's own recollections of family camping escapades from her childhood. These visual creations transcend rational thought, relying instead on sensory cues such as scent and tactile impressions.

"Að ganga til grasa var það kallað, þegar maður fór að heiman tjaldlaus og var ekki nema einn sólarhring í burtu eða stundum ekki nema nóttina, ef stutt var að fara á grasamóinn."1

We drove into a deserted valley to an abandoned factory. We entered the building and the house swallowed us. All kinds of old tools and equipment. The structure blended into the landscape and birds flew in and out of the windows. We met an old man who was dressed like a fisherman. He lived in a small house by the seashore where he had his boat and fishing nets. We walked up to a glacier and I felt the air getting colder so I had to put on my knit cap and mittens. I remember a large field filled with innumerable tufts of grass. It was fun to jump between them. But then I got tired and we walked in silence. All of a sudden, a snipe flew up the leg of my trousers. Next to my leg was a nest. I ran to my sister where she was standing on the top step of the fence ladder. We drove narrow roads on steep slopes and my mother could not look out the window. Dad took a sharp turn and I looked out of the back window and saw a ringed plover pair with chicks running on the side of the road. Once I was going to run away so I took my pillow and started walking down the road. My dad came after me and convinced me to turn around. We camped by a stream that flowed towards the sea. I fished for tiddlers all day and came back to the tent where my mother was making little pancakes. One night it rained so much that the tent leaked. We packed everything up and drove off.

1 Úr síðustu leit (1944) eftir Ingibjörgu Lárusdóttur

## Selasæng

Sýningin Selasæng er ferðalag í draumsvefni, um minningar og sameiginleg minni í dramum. Hlutir og staðir geta virst öðruvísi í minningum en í raunheimum. Líkt og í draumi þá er eins og minning lúti oft ekki lögmálum hversdagsleikans. Staðsetningar eru á reiki, stærðir afstæðar og hlutir geta breytt lögun sinni og jafnvel lit. Verkin á sýningunni flétta saman frásagnir fólks um lífið í sveitinni við minningar listamannsins úr tjaldferðalögum fjölskyldunnar í æsku. Svipmyndir einkenast af lykt og tilfinningu frekar en skýrri rökhugsun.

"Að ganga til grasa var það kallað, þegar maður fór að heiman tjaldlaus og var ekki nema einn sólarhring í burtu eða stundum ekki nema nóttina, ef stutt var að fara á grasamóinn."1

Við keyrðum inn í eyðidal að yfirgefinni verksmiðju. Við fórum inn í hana og húsið gleypti okkur. Allskyns gömul tól og tæki. Byggingin var samofin landslaginu og fuglar flugu inn um gluggana og út aftur. Við hittum gamlan mann í fullum sjó- klæðum. Hann bjó í litlu húsi í flæðarmálinu og átti bát og fiskinet. Við gengum upp að jökli og ég fann hvernig loftið kólnaði og ég þurfti að setja á mig húfu og vettlinga. Ég man eftir stórum grasmóa með óteljandi þúfum. Það var gaman að
hoppa á milli þeirra. En svo varð ég þreytt og við gengum í þögn. Allt í einu flaug hrossagaukur upp undir buxnaskálmina hjá mér. Við hliðina á fætinum var hreiður. Ég hljóp til systur minnar þar sem hún stóð í efsta þrepi girðingastigans. Við keyrðum mjóa fjallvegi í bröttum hlíðum og mamma gat ekki horft út um gluggann. Pabbi tók krappar beygjur og ég leit út um afturrúðuna og sá tvær sandlóur með unga hlaupa í vegkantinum. Einu sinni ætlaði ég að strjúka og tók koddann minn og gekk af stað eftir veginum. Pabbi kom á efir mér og taldi mér trú um að snúa við. Við tjölduðum hjá læk sem rann út í sjó. Ég veiddi síli allan daginn og kom til baka í tjaldið þar sem mamma var að steikja lummur. Eina nóttina rigndi svo mikið að tjaldið lak. Við pökkuðum öllu saman og keyrðum af stað.

1 Úr síðustu leit (1944) eftir Ingibjörgu Lárusdóttur



Auga, blönduð tækni á striga, 40 x 50 cm, 2022



Ísbreiða, blönduð tækni á striga, 55 x 70 cm, 2022



Selasæng, blönduð tækni á striga,100 x 130 cm, 2023



Blábreiða, blönduð tækni á striga, 60 x 70 cm, 2023



Gengið til grasa I, blönduð tækni á striga, 60 x 70 cm, 2023



Gengið til grasa II, blönduð tækni á striga, 60 x 70 cm, 2023



Samskeyti, blönduð tækni á striga, 55 x 70 cm, 2023



Nátthúfa, blönduð tækni á striga, 100 x 130 cm, 2023



Tvístjarna, blönduð tækni á striga, 80 x 95 cm, 2023



Selurinn hefur mannsaugu, reynir, 59.5 x 19 x 19.5 cm, 2023



Geirþrúður Einarsdóttir (f. 1989) útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2016. Haustið eftir útskrift var hún starfsnemi hjá listamannarekna rýminu A-Dash í Aþenu.
Í dag býr hún og starfar í Reykjavík. Geirþrúður hefur að undanförnu unnið að gerð lágmynda úr máluðum hörstriga. Verkin sækja innblástur til landslags og loftmynda af óræðum stöðum. Þau byggjast upp í lögum og línum og hafa sterka tengingu við náttúruna. Geirþrúður er á mála hjá Listval og hefur sýnt verk sín bæði á sýningum hér heima og erlendis.

Geirþrúður Einarsdóttir (b. 1989) graduated from Iceland University of the Arts in 2016. After graduating, she interned at the artist-run space A-Dash in Athens for a year.
Geirþrúður has recently been working on the creation of reliefs from painted linen canvas. The works draw inspiration from landscapes and aerial perspectives of unknown places. They are built up in layers and lines with a strong connection to nature. Geirþrúður is represented by Listval, a gallery in Reykjavík. Her works have been exhibited both in Iceland and abroad. She is currently based in Reykjavík.

**VERÐSKRÁ**

| | |
|---|---|
| Auga | 160.000.- |
| Ísbreiða | 280.000.- |
| Selasæng | 540.000.- |
| Blábreiða | 270.000.- |
| Gengið til grasa I | 320.000.- |
| Gengið til grasa II | 320.000.- |
| Samskeyti | 300.000.- |
| Nátthúfa | 540.000.- |
| Tvístjarna | 350.000.- |
| Selurinn hefur mannsaugu | |



PORTFOLIO
GALLERÍ

*Hverfisgata 71*
*101 Reykjavik*
*galleri@portfolio.is*
*www.portfolio.is*